

gerðir og bréf framkvæmdarstjóra Björns Línal (rskj. 5) mælir mjög ákveðið móti því að svo hafi verið.

Stefndur hefir engar athugasemdir gert við upphæð dómkröfunnar, og ber því samkvæmt því, er að framan er sagt, að dæma hann til að greiða stefnandanum kr. 3030,00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi 3. maí 1933 til greiðsludags. Eftir atvikum virðist rétt að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 23. nóv. 1934.

Nr. 101/1934. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)

gegn

Kristni Steinari Jónssyni

(Eggert Claessen).

Sýknun.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 27. marz 1934: Kærður, Kristinn Steinar Jónsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella í stað sektarinnar 10 daga einföldu fangelsi.

Hann skal og æfilangt sviftur rétti til að stjórna bifreið.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í bifreið kærða þeirri, er í máli þessu greinir, varð vélin ekki sett í gang vegna þess, að benzínið var þrotið, og varð kærði því að láta aðra bifreið draga hana. Hin dregna bifreið var því ekki knúin af aflvél „í vagninum sjálfum“, og kemst því ekki undir skilgreiningu 1. gr. laga nr. 70/1931. Hinar ströngu sérreglur löggjafarinnar um bifreiðarstjóra ná því ekki til kærða í þessu máli, og verður því að sýkna hann af kærum valdstjórnarinnar.

Samkvæmt þessum málalokum verður að dæma ríkissjóð til að greiða sakarkostnað, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Það athugast, að réttara hefði verið að leggja fram í máli þessu eftirrit af lögregluréttardómi Reykjavíkur frá 13. marz 1931 þeim, er í hinum áfrýjaða dómi segir.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Kristinn Steinar Jónsson, á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu. Sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Eggerts Claessen, 60 krónur til hvors.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Kristni Steinari Jónssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis Laufásvegi 50 hér í bæ, fyrir brot gegn lögum um notkun bifreiða nr. 70, 1931 og áfengislögum nr. 64, 1930 og eru málavextir þessir:

Fimmtudaginn 1. febrúar s. l. kl. um 4½ um daginn var bifreiðinni R.E. 880 ekið sunnan Lækjargötu og hafði hún bifreiðina R.E. 471 í eftirdragi. Í sama mund og bifreiðarnar eru að fara yfir gatnamótin, Lækjargötu og Austurstrætis, kom maður nokkur á reiðhjóli niður Bankastræti, ætlaði á milli bifreiðanna og sá ekki taugina og

lenti því á henni. Kastaðist hann af reiðhjólinu, svo hann sakaði ekki, en reiðhjólið varð undir aftari bifreiðinni og skemmdist allmikið.

Lögregluþjónar, sem þarna voru á verði, skipuðu bifreiðarstjóranum þegar að fara upp á lögreglustöð og gefa skýrslu um þetta. En þegar upp á lögreglustöð kom reyndist bifreiðarstjóri sá, sem stýrði aftari bifreiðinni og er kærður í þessu máli, vera undir áhrifum áfengis.

Kærður hefir viðurkennt að hafa drukkið ca. $\frac{1}{2}$ liter af portvíni kl. 3½—4 umræddan dag. Var hann þá við vinnu sína hjá Eimskipafélaginu og fékk síðan Ólaf Jónsson bifreiðarstjóra til að aka sér heim. Drukku þeir þar kaffi og hefir Ólafur borið, að Kristinn hafi þá ætlað að fara með bifreið sína, sem var heima. En þegar hann kom henni ekki á stað, bað hann Ólaf að ýta henni í gang fyrir sig og ýtti hann henni nokkurn spöl og yfirgaf síðan kærðan hjá henni og fór sjálfur í sinni bifreið niður í Shellport. Þar kemur þá maður litlu seinna og biður hann að lána sér dráttartaug, því hann þurfi að draga bifreið fyrir kærðan. Ólafur vildi þá heldur fara sjálfur og hitti kærðan og tók bifreið hans, sem var bensínlaus aftan í sína og ók á stað, en kærður sat við stýrið. Ætlaði Ólafur að koma kærðum sem fyrst af sér, en ekkert var talað um hvert halda skyldi. Ók hann síðan með bifreið kærða í togi frá Sóleyjargötu og þar til lögreglan stöðvaði hann á Lækjartorgi.

Kærður hefir skýrt nokkuð öðruvísi frá atvikum, en hefir þó talið líklegt, að Ólafur myndi þetta betur og ekki talið sig geta rengt framburð hans.

Lögregluþjónarnir, Sigurður Ingvarsson og Magnús Sigurðsson, hafa borið það, að kærður hafi verið áberandi ölvaður þegar hann kom á lögreglustöðina. Sjálfur hefir hann og viðurkennt það, að hafa fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, en haldið sig þó mega stýra bifreið, sem dregin væri af annari bifreið, en gengi ekki fyrir sinni eigin gangvél.

Í tilefni af þessu hefir verið leitað álits bifreiðaeftirlitsmanna Jóns Ólafssonar og Zophóníasar Baldvinssonar. Er það álit þeirra, „að meiri aðgæzlu og nákvæmni“ þurfi við að stjórna bifreið, sem dregin er af annari, en bifreið, sem knúin er af eigin vél.

Telja þeir ýms vandasöm atriði koma þá til greina, sem ekki gæti í venjulegum akstri bifreiða.

Að áliti réttarins skiptir það ekki máli með tilliti til refsingar fyrir ölvun við bifreiðaakstur, hvort bifreiðin gengur fyrir sinni eigin gangvél eða er dregin af annari bifreið. Ber því að heimfæra brot kærða undir 9. gr., sbr. 14. gr., bifreiðalaganna nr. 70, 1931 og 20. gr. áfengislaga nr. 64, 1930.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 10 daga einföldu fangelsi.

Svo ber og að svifta kærðan leyfi til að stjórna bifreið æfilangt, með því að hann hefir með dómi lögregluréttar Reykjavíkur hinn 13. marz 1931 verið sviftur leyfi til bifreiðaaksturs um 3 mánuði fyrir samskonar brot.

Loks greiði kærði allan kostnað sakarinnar.

Dráttur sá, sem á málinu hefir orðið, stafar af önnum dómarans.

Föstudaginn 23. nóv. 1934.

Nr. 143/1934. **Sigurður Berndsen** (Guðm. Ólafsson)
gegn

Þórði J. Thoroddsen (Enginn).

Staðfestingardómur.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 9. maí 1934: Stefndur, Þórður J. Thoroddsen, greiði stefnandanum, Sigurði Berndsen, kr. 5000,00 með 6% ársvöxtum frá 25. febr. 1934 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 42,75 í afsagnarkostnað og kr. 422,50 í málskostnað, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstaréttar með stefnu dags. 13. sept. þ. á., er hefir verið löglega birt